


# HVENÆR MÁ ÉG HVAD?



## NOKKUR DÆMI UM RÉTTINDI ÞÍN OG SKYLDUR SAMKVÆMT ÍSLENSKUM LÖGUM

Í 3. MÁLSGREIN 76. GREINAR STJÓRNARSKRÁRINNAR SEGIR: **“BÖRNUM SKAL TRYGGÐ SÚ VERND OG UMÖNNUN SEM VELFERÐ ÞEIRRA KREFAST”**

**Börnum ber að fara eftir lögum og reglum samfélagsins eins og öllum öðrum. Boð og bönn laganna hafa tilgang. Þau eru sett til þess að skapa betra og öruggara samfélag – fyrir okkur öll. Nefna má umferðarlög, almenn hegningarlög, barnaverndarlög, barnalög og lögræðislög. Sérstök lög gilda um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla auk þess sem settar hafa verið ýmsar reglugerðir um þessi skólastig.**

- Í grunnskólalögum segir t.d. að nemendum beri að hlíta fyrir mælum kennara og starfsfólks grunnskóla í öllu því sem skólann varðar, fara eftir skólareglum og fylgja almennum umgengisreglum í samskiptum við starfsfólk og skólasystkin.
- Í almennum hegningarlögum segir t.d. að hver, sem ónýtir eða skemmir eigur annars manns eða sviptir hann þeim, skal sæta sektum eða fangelsi.

Börnum verður ekki refsáð fyrir lögbrot með sama hætti og fullorðnum fyrr en þau verða sakhæf 15 ára. Lögbrot barna geta hins vegar kallað á afskipti barnaverndaryfirvalda og börn geta orðið skaðabótaskyld ef þau valda tjóni með ólögmatum hætti.

Öllum – börnum jafnt sem fullorðnum – ber að koma fram við aðra af kurteisi, tillitssemi og virðingu enda er það lykillinn að farsælu samfélagi.

### 0-18 ára

Þú ert ólögráða þar til þú nærð 18 ára aldri. Í því felst að:

- Þú átt rétt á forsjá, umhyggju og virðingu foreldra þinna.
- Foreldrar þínir eiga rétt á og bera þá skyldu að taka ákvarðanir fyrir þína hönd í veigamiklum málum.
- Þú átt rétt á að þekkja báða foreldra þína og umgangast þá báða, jafnvel þó þeir búi ekki saman.
- Foreldrum þínum ber skylda til að vernda þig gegn andlegu og líkamlegu ofbeldi og annarri vanvirðandi háttsemi. Foreldrar mega ekki beita börn sín ofbeldi.
- Foreldrar þínir eiga að hafa samráð við þig áður en þeir taka ákvarðanir um mál, sem þig varða eftir því sem aldur þinn og þroski gefa tilefni til. Afstaða þín á að fá auknið vægi eftir því sem þú eldist og þroskast.
- Þú átt rétt á því að foreldrar þínir framfæri þig þangað til þú verður 18 ára. Foreldrar þínir eiga því að sjá þér fyrir húsakjöli, fæði, klæði og öðrum nauðsynjum. Ef foreldrar þínir skilja eða slíta sambúð á það foreldri sem þú átt ekki lögheimili hjá að borga meðlag sem nota á til framfærslu þinnar.
- Aðrir sem koma að uppeldi þínu og umönnun skulu sýna þér virðingu og umhyggju.
- Þú ræður hvernig þú eyðir peningum sem þú hefur sjálf/ur unnið þér fyrir eða fengið að gjöf. Þetta gildir þó ekki ef um mikla peninga er að ræða. Algengast er að foreldrar fari með fjármál barna sinna þar til þau verða 18 ára en stundum þarf sýslumaður að samþykka hvernig fjármunum barna er varið.
- Þú mátt ekki stofna til skulda.
- Þú getur leitað til barnaverndar ef þú býrð við slæmar aðstæður, sætir illri meðferð eða hefur orðið fyrir áreitni eða ofbeldi.
- Þú átt rétt á og þér er skylt að sækja skóla á aldrinum 6–16 ára.
- Þú átt að læra að synda, nema þú sért ófær til þess að mati læknis.
- Þú átt rétt á aðstoð fagfólks ef þú glímir við fótlan eða önnur sértek vandamál.
- Þú átt rétt á heilsugælu í sveitarfélagi þínu til verndar andlegu og líkamlegu heilbrigði þínu.
- Þú átt rétt á því að hafa foreldra þína eða aðra sem þér eru nákomnir hjá þér ef þú dvelur á sjúkrahúsi.
- Þú mátt ekki láta gera á þig húðflúr eða gata líkamann án leyfis foreldra.

## Eftir því sem barnið eldist fær það aukin réttindi og ríkari skyldur.

Börn, 12 ára og yngri, mega ekki vera á almannaferi eftir klukkan 20.00 nema í fylgd með fullorðnum. Á sumrin (1. maí til 1. september) lengist útvistartíminn um tvær klukkustundir.

### 12 ára

- 12 ára barn á, eftir því sem kostur er, rétt á því að tjá sig um þá læknismeðferð sem læknir vill veita því.
- Ávallt skal gefa barni sem náð hefur 12 ára aldri kost á að tjá sig um meðferð eða úrræði barnaverndar í máli þess.
- Til að ætleiða barn þarf samþykki þess ef það er orðið 12 ára.
- Til að breyta nafni barns þarf samþykki þess eftir 12 ára aldur.

### 13 ára

- Unglingar á aldrinum 13 til 16 ára skulu ekki vera á almannaferi eftir klukkan 22.00, enda séu þau ekki á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu. Á sumrin (frá 1. maí til 1. september) lengist útvistartíminn um tvær klukkustundir.
- Unglingar 13–14 ára mega vinna létt störf í allt að 2 klst. á dag á starfstíma skóla en 7 klst. á dag utan starfstíma skóla. Þeir mega ekki vinna frá kl. 20 á kvöldin til kl. 6 á morgnana og eiga rétt á a.m.k. 14 klst. hvíld á sólarhring.

### 15 ára

- Þegar unglungur er orðinn 15 ára fær hann aukin réttindi í umferðinni. Hann má reiða barn sem er yngri en sjö ára ef hann er vanur hjóleiðamaður og sérstakt sæti er fyrir barnið á hjólinu. Annars er alltaf bannað að reiða farþega á hjóli. Hann má taka próf á létt bifhjól (skellinöðru). 15 ára unglungur sem er fatlaður getur fengið ökuréttindi til að stjórna hægfaru vélknúnum ökutækjum fyrir fatlaða.
- 15–17 ára unglungar mega vinna létt störf í allt að 2 klst. á dag og þeir eru í skyldunámi. Þeir mega ekki vinna á milli kl. 22 á kvöldin til kl. 6 á morgnana. Þeir eiga rétt á a.m.k. 14 klst. hvíld á sólarhring ef þeir eru ekki í skyldunámi.
- 15 ára unglunga má ráða til að gæta barna, samkvæmt tulkun Vinnueftirlitsins.
- Þegar unglungur nær 15 ára aldri verður hann sjálfstæður aðili barnaverndarmáls.
- Unglingar verða sakhæfir 15 ára gamlir. Það þýðir að það má refsá þeim ef þeir fremja afbrot. Það má handtaka þá og úrskurða í gæsluvarðhald en þá þarf að tilkynna barnaverndarnefnd og foreldrum um það vegna þess að sérreglur gilda um afbrot unglunga til 18 ára aldurs.
- Kynferðislegur lágmarksaldur er 15 ár á Íslandi, skv. almennum hegningarlögum. Það er því refsvert að stunda kynlíf með einstaklingi sem er yngri en 15 ára. Þetta lagaákvæði miðar fyrst og fremst að því að vernda börn og unglunga fyrir misnotkun sér eldra fólks, sem vill nýta sér þroska- og reynsluleysi barnanna, en ekki að leggja refsingu við kynferðismökum jafnaldra.

Barn, sem myndað getur eigin skoðanir, á rétt á því að láta þær frjáltslega í ljós í öllum málum sem það varðar og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska.

- Barn sem hefur náð nægilegum þroska hefur t.d. rétt á því að tjá sig ef foreldrar deila um forsjá eða umgengni.
- Nemendaráð grunnskóla eru mikilvægur vettvangur fyrir nemendur til að koma skoðunum sínum á skólalastarfinu og hagsmunamálum sínum á framfæri.
- Í mörgum sveitarfélögum hafa verið stofnuð sérstök ungmennaráð sem sveitarstjórnin getur ráðfært sig við, til að heyra skoðanir barna og unglunga á ýmsum málum.

### 16 ára

- Skólaskyldu lýkur við 16 ára aldur. Allir þeir sem hafa lokið grunnskólanámi eða hlotið jafngilda undirstöðumennntun eiga þess kost að hefja nám í framhaldsskóla.
- Sá sem er orðinn 16 ára getur hafið ökunám (æfingaakstur) og tekið próf á dráttarvél.
- 16 ára unglungur getur ákveðið sjálfur hvort hann vill ganga í trúfélag eða segja sig úr því.
- Sá sem er orðinn 16 ára getur skráð sig í ung- liðahreyfingu stjórnmalaflokks.
- Við 16 ára aldur verða unglingar sjálfstæðir þjón- ustuþegar heilbrigðiskerfisins. Þeir geta því leitað læknis án samþykkis eða vitundar foreldra og læknir er skyldugur til að upplýsa þá um ástand, meðferð og horfur þeirra.

- Í byrjun þess árs sem unglungur verður 16 ára, fær hann sent skattkort frá ríkisskattstjóra, þar sem honum ber að borga fullan skatt af launum sínum eins og fullorðnir. Einnig er honum skylt að greiða iðgjald af tekjum í lífeyrissjóð. Hann getur átt rétt á atvinnuleysisbótum og örorkubótum ef hann er úrskurðaður öryrki. Hann getur átt rétt á slysbótum úr almannaþryggingakerfinu ef hann slasast við íþróttaiðkun.
- Reglur laga um útvistartíma gilda ekki um unglunga sem eru 16 ára á árinu. Unglingum ber þó að fara eftir þeim reglum sem foreldrar setja.

### 17 ára

- Sá sem orðinn er 17 ára getur tekið bílpróf eða próf á bifhjól. Sá sem hefur slíkt próf má aka torfærutækjum, svo sem vélsleðum, þríhjólum eða fjórhjólum.
- 17 ára unglungur má stunda áhugaköfun að uppfylltum skilyrðum um menntun, heilbrigði og hæfni.

### 18 ára

- Sá sem er orðinn 18 ára er lögráða, þ.e. sjálfráða og fjárráða.
- Hann ræður því hvað hann tekur sér fyrir hendur og hvar hann býr.
- Hann ræður hvernig hann ráðstafar eignum sínum og peningum og ber ábyrgð á peningaskuldum sínum.
- Framfærsluskyldu foreldra lýkur almennt við 18 ára aldurinn.
- Við 18 ára aldur má ganga í hjónaband / staðfesta samvistir.
- Sá sem er orðinn 18 ára hefur kosningarétt og má bjóða sig fram til Alþingis og sveitarstjórna.
- Sá sem er orðinn 18 ára má kaupa tóbak.

**Sá sem er orðinn 18 ára hefur sem sagt sömu réttindi og skyldur og fullorðið fólk, nema:**

- Hann má ekki kaupa áfengi fyrr en hann er orðinn 20 ára.
- Hann má hvorki láta né eiga skotvopn fyrr en hann er orðinn 20 ára.
- Svo eru nokkur sérákvæði, t.d. varðandi ættleiðingar, skipan dómara og forseta.

### Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Barnasáttmálan er ætlað að tryggja öllum börnum og unglungum undir 18 ára aldri sérstök mannréttindi, óháð réttindum hinna fullorðna.

### Umboðsmaður barna

Umboðsmaður barna tekur að því að bæta hag barna og unglunga og gætur þess að tekið sé tillit til réttinda, þarfa og hagsmuna þeirra á öllum sviðum samfélagsins. Umboðsmanni barna er ekki ætlað að skipta sér af málum einstakra barna. Hins vegar leiðbeinir umboðsmaður, eða starfsfólk hans, öllum sem til skrifstofunnar leita um hvert hægt er að snúa sér til að fá aðstoð við að leysa sín mál.



UMBOÐSMAÐUR BARNNA